



Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflokks Íslands fimmtudaginn 29. apríl 2021 kl. 16:30 með Zoom fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Sanna Magdalena Mörtudóttir, Laufey Líndal Ólafsdóttir, Gunnar Smári Egilsson, Sigrún E. Unnsteinsdóttir, Katrín Baldursdóttir, Védís Guðjónsdóttir, Viggó K. Jóhannsson og Guðmundur Auðunsson.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin hefur ekki verið samþykkt.

2. x-J

Verið er að safna undirskriftum til að fá listabókstafinn J staðfestan.

3. Kosningabaráttan framundan: Afmæli, 1. maí, tilboð um húsnæðismál, and-kapítalismi, ferð út á land

Talað var um að dreifa efninu um Kærleikshagkerfið fyrir 1. maí og um fyrirhugaða útsendingu og áróður 1. maí. Hafin er skipulagning á funduferð um landið og rætt var um áherslur þar.

4. Fjármál, fjáröflun og horfur

Flokkurinn: 2.639.070 kr., kosningasjóður: 1.032.980 kr., Vorstjarnan: 3.474.749 kr., bankatrygging
Vorstjörnu fyrir leigu húsnæðis: 1.200.000 kr.

5. Önnur mál

Engin önnur mál.